



Fréttatilkynning – 27. janúar 2011

Tækniþróunarsjóður veitir 720 milljónum króna til nýsköpunar

Rannís og iðnaðarráðuneytið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands kynna úthlutun Tækniþróunarsjóðs 2010 á 720 milljónum króna til nýsköpunarverkefna, föstudaginn 28. janúar kl. 15-17. Umsóknarfrestir eru tveir á ári, í febrúar og september, og lauk síðari úthlutun í lok desember. Kynningin verður haldin í Kími, frumkvöðlasetri Nýsköpunarmiðstöðvar í Vatnagörðum, gagngert í þeim tilgangi að benda á að nýsköpun og rekstur sprotafyrirtækja er margþætt ferli og þar geta gestir kynnt sér hvernig stoðkerfi nýsköpunar er að skila fínum árangri. Iðnaðarráðherra Katrín Júlíusdóttir ávarpar fundinn og mun m.a. kynna nýtt merki sjóðsins, en í framtíðinni munu styrkþegar hans birta merkið á vefsíðu sinni. Sigríður Ingvarsdóttir framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands mun stýra kynningarfundinum.

Bein innspýting til nýsköpunar

Ríflega 200 umsóknir bárust um nýja styrki auk framhaldsstyrkja, en hægt er að sækja um styrki til allt að 3ja ára. Ríflega 50 aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, fengu styrk, eða um fjórðungur. Aðeins lægra hlutfall var veitt að þessu sinni, eða 22%, þar sem umbeðnir styrkir voru skornir niður til að fleiri nytu.

Fullyrða má að þessir styrkir séu bein innspýting og hvati til nýsköpunar.


Nýverið var birt áhrifamat fyrir Tækniþróunarsjóð fyrir árin 2004 (þegar sjóðurinn hóf starfsemi) til 2008. Áhrifamatið gefur að líta á vefsíðu Rannís¹ og þrátt fyrir að skammt sé um liðið eru vísbendingarnar um jákvæð áhrif sjóðsins á nýsköpun í íslensku atvinnulífi ótvíræðar. Farið verður yfir helstu niðurstöður á fundinum. Þá má og tengja þennan atburð Ári nýsköpunar sem Samtök iðnaðarins og sprotafyrirtækja standa fyrir til að vekja athygli á mikilvægi nýsköpunar til endurreisnar í íslensku atvinnulífi.

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP er formaður stjórnar sjóðsins, en nánar um stjórn, fagråd og reglur er að finna á www.rannis.is/sjodir/taeknithrounarsjodur/stjorn-og-fagrad/

Dagskrá kynningarfundar Tækniþróunarsjóðs föstudaginn 28. janúar kl. 15-17 í Kím frumkvöðlasetri Vatnagörðum 18

- Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra flytur ávarp
- Nýtt merki Tækniþróunarsjóðs kynnt
- Úthlutun 2010
- Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs
- Kynning á fjórum nýjum verkefnum sem hafa aðstöðu í Kím:
 - Heima heilasíriti. Garðar Þorvarðarson, Medical Algorithms
 - Hagkvæmt svefnskráningartæki. Kolbrún E. Ottósdóttir, Nox Medical

¹ www.rannis.is/files/Áhrifamat%20á%20Tækniþróunarsjóði%202004-2008_1595574079.pdf





- Markaðssókn í Kanada. Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica
- Krabbameinslyfjanæmispróf. Finnbogi Þormóðsson, ValaMed

Fundarstjóri er Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti og tækifæri gefst til að líta inn hjá sprotafyrirtækjum í setrinu. Allir núverandi, fyrrverandi og tilvonandi styrkþegar hvattir til að mæta. Skráning á rannis@rannis.is

Nánari upplýsingar veitir:

Sigurður Björnsson
sviðstjóri hjá Rannís
sigurdur@rannis.is
sími: 896 5925